

## VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á olíu 1. janúar 1972, þ. e. kr. 3.96 pr. lítra en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10% sem olíuverð hækkar eða lækkar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnlögum nr. 15. 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 269 27. október 1969 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## REGLUR

um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins.

## I. Skipun prófdómara.

1. Prófdómara við unglinga-, mið- og gagnfræðaskóla skal skipa til 2ja ára í senn.
2. Til starfsins skal velja menn, sem hafa sérþekkingu í þeirri grein eða greinum, sem þeir eiga að dæma. Skal þá miðað fyrst og fremst við það, að þeir hafi háskólapróf eða kennarapróf og kennslureynslu. Sé eigi völ á manni til starfsins, sem fullnægir þessum skilyrðum, er heimilt að vikja frá þeim.
3. Eigi skal heimilt að skipa þann mann prófdómara við skóla, sem kennir við skólann.
4. Miða skal fjölda skipaðra prófdómara við það, að eigi komi fleiri en 400 úrlausnir á hvern prófdómara. Heimilt er þó að vikja frá þessu ákvæði, sé um að ræða mann, sem eigi gegnir öðru starfi, meðan á úrvinnslu prófa stendur.
5. Stjórnskipaðir prófdómarar skulu vera við eftirtalin próf:
  - a. Unglingapróf, í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði.
  - b. Landspróf miðskóla, í öllum námsgreinum. Sama gildir um önnur miðskóla-próf, séu þau lokapróf.
  - c. Gagnfræðapróf, í öllum greinum.
  - d. Framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, í öllum greinum.

## II. Störf prófdómara.

1. Prófdómari skal vera á prófstað, þegar próf er tekið, nema sérstakur trúnaðarmaður sé í hans stað. Honum ber að rjúfa innsigli prófa, sem send eru frá menntamálaráðuneytinu, og fylgjast með framkvæmd þeirra og hlutast til um, að settum reglum um prófið sé fylgt.
2. Prófdómari skal ásamt kennara gefa einkunnir í munnlegum prófum. Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn. Óski prófdómari hins vegar að fá prófúrlausnir strax að loknu prófi, skal sá háttur á hafður.

Einkunnir skulu síðan færðar á prófskýrslur eða í prófbók, og ber prófdómara að staðfesta með undirskrift sinni, að einkunnir séu rétt innfærðar.

3. Þegar um er að ræða próf, sem eigi eru samræmd á viðkomandi skólastigi, heldur samin á vegum skólans, ber prófdómara, áður en próf er lagt fyrir nemendur, að athuga prófverkefnið og samþykkja það.
4. Greiðslur til prófdómara fyrir störf þeirra skulu fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur. Gjaldskráin miðast við tegund og gerð prófa, og skal ákveðinn verkefnafjöldi reiknaður í tímaeiningum.

Reglur þessar eru settar samkv. lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám og gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kynni að vera ákveðið.

*Í menntamálaráðuneytinu, 14. marz 1972.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

um löggildingu viðauka danska lyfseðlasafnsins 1963 á Íslandi.

Frá og með 1. apríl 1972 skulu allir viðaukar við danska lyfseðlasafnið 1963, Dispensatorium Danicum 1963 Addendum, vera gildir sem hluti af danska lyfseðlasafninu 1963, sbr. auglýsing nr. 145, 27. ágúst 1965.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. marz 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á fasteignamati.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, til að hækka fasteignamat um 20%, að því er tekur til notkunar fasteignamatsins samkvæmt þeim tilteknu lögum.

*Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Jón Sigurðsson.*